



# ORÐALEIKUR

ÁRBÆR – IÐAVÖLLUR- KRÍLAKOT

Leikskólinn  
**Árbær**

  
**Iðavöllur**  
- þar er leikur að læra



  
**MIÐSTÖÐ  
SKÓLAPRÓUNAR**

**Nafn verkefnis:** Orðaleikur

**Verkefnisstjórn:** Rannveig Oddsdóttir, HA

**Ábyrgðarskóli:** Leikskólinn lðavöllur, Akureyri

**Samstarfsaðilar:** Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri  
Leikskólinn Árbær, Selfossi  
Leikskólinn Krílakot, Dalvík  
Inga María Brynjarsdóttir, myndlistamaður

**Númer samnings:** UMS-78

## Orðaleikur

Þróunarverkefnið *Orðaleikur* styður við íslenskunám barna og fjölskyldna af erlendum uppruna. Það byggir á námsefninu Orðaleik sem hefur verið þróað af Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Höfundar efnisins eru Rannveig Oddsdóttir, Íris Hrönn Kristinsdóttir og Inga María Brynjarsdóttir. Auk þeirra hefur leikskólinn Iðavöllur tekið þátt í að þróa og forprófa efnið.



Námsefnið samanstendur af handbók um orðanáám, kennsluleiðbeiningum og myndagrunni með um 600 myndum sem vísa til grunnorðaforða íslenskunnar með sérstakri áherslu á þau orð sem oftast koma fyrir í lífi leikskólabarna. Einnig hafa verið búin til rafræn verkefni sem eru opin öllum. Námsefnið var útbúið með það í huga að það væri hægt að vinna með það bæði í leikskóla og heima og það geti þannig bæði eftl íslenskukunnáttu barna og fjölskyldna þeirra. Námsefnið er notendum að kostnaðarlausu.

Þróunarverkefnið Orðaleikur fólst í því að skólaárið 2019–2020 prufukeyrðu þrjár leiksólar námsefnið, leikskólinn Iðavöllur á Akureyri þar sem námsefnið hafði áður verið forprófað, leikskólinn Árbær á Selfossi og leikskólinn Krílakot á Dalvík. Leikskólarnir þrjár eiga það sameiginlegt að vera með hátt hlutfall fjölskyldna af erlendum uppruna eða 20–30%.

## Markmið þróunarverkefnisins

- Að efla íslenskunám barna af erlendum uppruna
- Að þróa aðgengilegt námsefni í íslensku fyrir leikskólabörn af erlendum uppruna.
- Leita nýrra leiða til að kenna börnum grunnorðaforða tungumálsins í samstarfi við foreldra.
- Að námsefnið sé notendum að kostnaðarlausu og nýtist bæði heima og í leikskólanum

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

### Orðaleikur – námsefni fyrir börn af erlendum uppruna

Í verkefninu var unnið með námsefnið *Orðaleik*. Í námsefninu er lögð áhersla á grunnorðaforða íslenskunnar eða þann orðaforða sem börn þurfa að tileinka sér til að geta verið virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og átt samskipti við jafnaldra sína og leikskólakennara. Myndirnar úr myndasafninu eru hentugar til að kenna orðaforða og þær



má nota sem grunn að samræðum þar sem unnið er með setningar og flóknari orð. Þær eru einnig hugsaðar sem stuðningur við aðlögun barna og til að einfalda samskipti fyrstu dagana í leikskólanum, t.d. er hægt að setja upp myndrænt skipulag fyrir börnin, merkja hluti og staði í leikskólanum, búa til spil og málræktarverkefni.

Námsefnið er á opnum vef sem ýtir undir að foreldrar geti nýtt sér efnið og haldið áfram með þá fjölbreyttu og skemmtilegu orðaforðavinna sem fer fram í leikskólanum heima. Þar geta börnin skoðað efnið með foreldrum sínum, kynnt íslensku orðin fyrir þeim og lært sömu orð á móðurmálinu.

### Haustfundur

Haustið 2019 hittust fulltrúar frá leikskólunum þremur á Akureyri og skipulögðu veturinn. Fulltrúarnir tóku að sér verkefnastjórn hver í sínum leikskóla sem fólst í að halda utan um verkefnið og sjá um samskipti við MSHA og hina skólanna. Verkefnastjórar frá Árbæ voru Harpa Kristín Hlökkversdóttir og Helga Þórey Rúnarsdóttir frá Árbæ á Selfossi, Iris Rún Andersen og Ólöf Jónasdóttir frá Iðavelli Akureyri og Bjarney Anna Sigfúsdóttir frá Krílakoti á Dalvík. Fulltrúar frá Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri voru Íris Hrönn Kristinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. Allir kennarar í leikskólunum tóku þátt í verkefninu.

Námsefnið var kynnt fyrir þátttakendum (vefur Orðaleiks, handbók um orðanám, kennsluleiðbeiningar, myndasafn og rafræn verkefni) og farið yfir hvernig hægt er að nýta námsefnið á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Lögð var áhersla á

að kynna hvernig hægt er að kenna orðaforða í gegnum daglegt starf sem og í gegnum skipulagðar málörvunarstundir og hvernig námsefnið getur aðstoðað kennara við að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð. Auk þess var fjallað um hlutverk þátttakenda í þróunarstarfinu, þ.e. að prófa efnið og miðla afrakstrinum.

### **Samstarf leikskólanna**

Samstarf leikskólanna yfir veturinn fór fram á vef, þar sem ýmsir samskiptamiðlar og forrit voru notuð. Gögn tengd verkefninu voru geymd á Google Drive, samvinna fór fram á Padlet, fundir í gegnum Zoom og hugmyndavinna og dagleg samskipti í gegnum Facebookhóp og tölvupóstsamskipti. Allir kennarar í leikskólunum tóku þátt í verkefninu en verkefnastjórar á hverjum stað sáu um að skipuleggja vinnuna, útbúa efni í gagnabankann og deila afrakstrinum. Leikskólarnir skiptust á hugmyndum og prófuðu efni hver frá öðrum.

### **Iðavöllur**



Leikskólinn Iðavöllur er á Akureyri og hefur rými fyrir 90 börn á fjórum deildum. Helstu markmið skólans eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín. Áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna. Iðavöllur er fjölmeningarskóli og mikil áhersla er lögð á mál og málörvun. Undanfarin áratug hafa börn af erlendum uppruna verið stór hluti af barnahópnum, eða um 20-30% en veturinn 2019-2020 var hlutfallið um 27%.

Undanfarin ár hefur starfsfólk Iðavallar unnið að þróunarverkefnum í tengslum við málörvun tvítyngdra barna og tekið þátt í því að móta námsefnið Orðaleik. Hugmyndirnar að þemum og myndum voru unnar í samvinnu við starfsfólk Iðavallar á árunum 2017–2019 og starfsfólk byrjaði að prófa efnið í vinnu með börnum skólárið 2018–2019. Starfsmenn Iðavallar hafa því komið sér upp talsverðri þekkingu og reynslu í markvissri málörvunarvinnu og hafa náð að þróa vinnuaðferðir sem henta starfinu í skólanum vel. Iris Rún Andersen sérkennslustjóri og Ólöf Jónasdóttir hafa leitt þessa vinnu innan skólans.

Frá upphafi þessa verkefnis hafa myndirnar úr Orðaleik verið nýttar í sjónrænt skipulagt og Boardmaker-myndum sem áður voru notaðar hefur verið skipt út. Börnin hafa brugðist vel við myndunum og hafa þær verið notaðar í myndrænt dagskipulag og í forstofunni til að gefa til kynna hvaða föt á að fara í og

Það hefur gefið góða raun. Kennarar hafa einnig haft myndir frá sjónræna dagsskipulaginu í lykklakippum um hálsinn og notað þær markvisst með tvítyngdum börnum til að auðvelda þeim tjáningu um daglegt leikskólastarf.

Á Iðavelli hefur undanfarin ár verið unnið með eitt orðabema á mánuði. Síðastliðið skólaár var farið yfir eftirfarandi orðabemu: Leikskólaorðaforði (leikskólinn, dagskipulag, athafnir og matartímar), föt, leikföng, matur, ávextir og grænmeti, líkaminn, dýr. Útbúnir hafa verið listar með hverju þema þar sem safnað hefur verið saman hugmyndum um bækur, sönglög, leiki o.fl. tengt hverju þema. Starfsmaður hefur safnað þessu efni saman þegar nýtt þema fer af stað og gert það aðgengilegt miðsvæðis í leikskólanum svo það sé auðvelt fyrir alla starfsmenn að nálgast það.



Starfsmenn hafa verið duglegir að útbúa námsgögn eins og lottó-spjöld og finna upp leiki með myndirnar, s.s. að draga mynd úr poka og segja frá henni, finna myndir og raða í ákveðna röð, ríma, æfa sig að telja o.s.frv. Þá sáu starfsmenn Iðavallar um að setja myndirnar inn í Bitsboard forritið. Forritið hefur verið mikið notað í starfinu í vetur og gefið góða raun, enda hægt að velja ólík verkefni út frá aldri og málþroska barnanna.

Starfsmenn hafa einnig notað forritið BookCreator til að búa til bækur með börnunum og hafa börnin verði mjög áhugasöm um þá vinnu.

## Árbær

Heilsuleikskólinn Árbær er sex deilda leikskóli í sveitarfélaginu Árborg á Selfossi en í byrjun maí bættist sjöunda deild skólans við. Um 120/140 börn dvelja í skólanum á degi hverjum og eru um 30% barnanna tvítyngd. Starfsmenn eru um 40 talsins og talar hluti þeirra annað tungumál en íslensku.





Harpa Kristín Hlökkversdóttir sérkennslustjóri og Helga Þórey Rúnarsdóttir verkefnastjóri héldu utan um verkefnið í Árbæ. Ákveðið var að vinna með eitt þema í mánuði, byrja á dagskipulaginu og koma upp sjónrænu skipulagi með myndunum úr Orðaleik. Sjónrænt skipulag er notað til að útskýra hvaða daglegu athafnir munu eiga sér stað og gerir þær athafnir og þau verkefni sýnileg sem er lokið og sýnir hvað eigi enn eftir að gera. Það veitir börnunum öryggi og slær á áhyggjur þegar það er fyrirsjáanlegt hvað dagurinn ber í skauti sér. Áður höfðu verið notaðar Boardmaker myndir í sjónrænt skipulag og það var nokkur vinna að skipta þeim út og gekk mishratt á deildum. Á yngri deildunum gekk verr að koma upp sjónrænu skipulagi en á eldri deildunum og gætu kennarar þar þurft frekari stuðning verkefnastjóra og sérkennara til að koma því upp og festa það í sessi. Stefnt er að því að í haust verið sjónrænt skipulag komið í gagnið á öllum deildum.

Vinnan með dagskipulagið náði yfir tvo mánuði (nóvember og desember), í janúar var unnið með tilfinningar, athafnir í febrúar og líkamann í mars apríl og maí.

Myndirnar sem tengdust því þema sem unnið var með hverju sinni voru prentaðar út og settar á lyklakippuhring þannig að börnin gætu skoðað þær eins og bók og rætt um myndirnar við kennara eða hvert annað. Einnig voru útbúin samstæðu- og lottóspil sem hjálpuðu til við að festa orðin í sessi hjá börnunum.



Lögð var áhersla á að tengja vinnuna með Orðaleikinn við önnur verkefni í leikskólasterfinu. Myndirnar voru til dæmis notaðar með barnabókum til að auka einbeitingu barnanna og láta sögurnar sem lesnar voru fyrir börnin lifna við í endursögn leikskólakennara eða barnanna sjálfra. Þegar unnið var með tilfinningarnar var sú vinna tengd við vináttu- og forvarnarverkefni Barnaheilla Blæ sem leikskólinn hefur unnið með í nokkur ár. Einnig var unnið með myndirnar þannig að rætt var um tilfinningarnar og börnin áttu að



finna skýringu á því hvers vegna þessi tilfinning hafði kviknað hjá einstaklingunum á myndinni.

Hefð er fyrir því í leikskólanum Árbæ að tvítyngd börn hafi samskiptabækur sem ganga milli heimilis og skóla. Í vetur voru sett inn í þær bækur orð tengd þeim þeim sem unnið var með og foreldrar hvattir til að kenna börnunum sömu orð á sínu móðurmáli. Stefnt er að því að þróa þessa vinnu áfram næsta vetur.

Til að meta árangur verkefnisins var þekking nokkurra barna á orðunum sem unnið var með könnuð í byrjun og lok hvers þema. Til að byrja með voru það einungis börnin á eldri deildum sem voru prófuð en þegar leið á veturinn voru börn á yngri deildunum líka prófuð. Niðurstöðurnar voru mjög ánægjulegar og sýndu hversu mikil hjálp Orðaleiksmyndirnar eru í því að efla orðaforða barnanna.

### **Krílakot**

Leikskólinn Krílakot á Dalvík er fimm deilda leikskóli með hátt hlutfall erlendra barna. Í Krílakoti er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi sem þeim líður vel í og þar sem þau finna fyrir öryggi. Einnig er lögð áhersla á öflugt foreldrasamstarf og virðing borin fyrir ólíkum uppruna og fjölbreyttum fjölskyldugerðum. Hollusta og hreyfing eru í fyrirrúmi og er lögð áhersla á læsi, stærðfræði, uppeldi til ábyrgðar, tónlist, tengingu við náttúruna og nærsamfélagið í gegnum leikinn.

Bjarney Anna Sigfúsdóttir sérkennari hélt utan um verkefnið á Krílakoti. Verkefnið var kynnt á starfsmannafundi í október og kallað eftir hugmyndum um það hvernig fólk sæi fyrir sér að hægt væri að nota myndirnar í leikskólastarfinu.

Sett var upp myndrænt dagskipulag á öllum deildum. Skipulagið var misítarlegt eftir aldri barna, fáar myndir hjá yngstu börnunum en fleiri hjá þeim eldri. Einnig var sett upp sjónrænt skipulag fyrir fataklefan sem börnin notuðu til að finna réttan klæðnað fyrir útiveruna.

Bitsboard appið var mikið notað inni á deildum til að leyfa börnunum að fara í leikina þar og æfa sig þannig í orðaforðanum.



Myndirnar voru notaðar til að útbúa orðabækur þar sem leikskólakennarar settu inn íslensku orðin og foreldrar voru beðnir um að setja inn orðin á sínu tungumáli. Hugmyndin með bókunum er að hjálpa foreldrum að læra íslensku og börnunum að fá hugtökin á báðum tungumálunum.

Starfsmenn bjuggu einnig til bækur inn á allar deildar með myndum úr Orðaleik og kennarar geta þá sest með börnunum og skoðað myndirnar með þeim og rætt um þær.



Um áramót var settur á laggirnar hópur sem samanstendur af einum starfsmanni frá hverri deild og mun hann sjá um að halda utan um Orðaleik á Krílakoti. Þessi hópur var byrjaður að vinna þegar covid 19 skall á og setti allt skólastarf úr skorðum. En þráðurinn verður tekinn upp aftur í haust. Ákveðið hefur verið að vera með þema fyrir hvern mánuð og setja upp skipulag þar sem teknar eru saman vísur, lög bækur, leikir, spil og snjallforrit sem tengjast hverju þema. Þessu efni verður svo safnað saman á aðgengilegan stað þannig að starfsmenn eigi auðvelt með að nálgast það. Sjónrænt skipulag verður líka þróað áfram. Til stendur að merkja helstu svæði skólans með myndum til að börnin geti tengt það við myndirnar á dagskipulaginu og einnig verður veðurfræðingur á þremur elstu deildum skólans sem setur fram veðurupplýsingar og upplýsingar um heppilegan klæðnað hverju sinni

## **Helstu hindrarnir sem komu upp**

Verkefnið gekk vel fyrir sig og engar stórar hindranir komu upp. Samvinna í gegnum rafræna miðla gekk vel sem og að innleiða efnið. Covid-19 hafði þau áhrif á þróunarstarfið að innleiðing og vinna með efnið gekk hægar en gert var ráð fyrir.




## **Helstu ávinningar af þróunarverkefninu**

Helsti ávinningur þróunarverkefnisins fyrir leikskólana er aukin áhersla á íslenskukennslu barna af erlendum uppruna. Námsefnið gefur leikskólakennurum aðgang að vönduðu myndasafni, handbók, kennsluleiðbeiningum og rafrænum verkefnum leikskólum að kostnaðarlausu. Í þróunarvinnunni í vetur bættist við námsefni í gagnasafnið en þar geta kennarar sótt hugmyndir, spil og málörvunarverkefni frá þátttökuleikskólunum. Einnig hafa aðrir leikskólar sent inn efni. Að geta sótt tilbúið efni sparar tíma fyrir kennara auk þess sem þeir geta nýtt hugmyndirnar til að búa til eigið efni.

## **Mat á verkefninu**

Markmiðið með verkefninu Orðaleikur var að efla íslenskukennslu og prufukeyra námsefnið í þremur skólum. Verkefnið miðaði að því að efla vinnu með orðaforða í öllu starfi leikskólanna. Mikil áhersla var lögð á málörvun í daglegu starfi og að efla myndrænan stuðning við mál, m.a. með því að setja upp myndrænt dagskipulag og nota myndir til að merkja hluti í leikskólanum, búa til orðabækur, spil og annan efnivið til að efla mál barnanna. Sú vinna gafst vel og voru starfsmenn leikskólanna almennt ánægðir með námsefnið.

Í leikskólanum Árbæ söfnuðu kennarar upplýsingum um orðaþekkingu barnanna áður en vinna með tiltekin þemu hófst og eftir að henni lauk. Í nær öllum tilvikum mældist orðaþekking barnanna töluvert betri eftir að vinnu með tiltekið þema lauk. Áhugavert er að sjá t.d. hve mikið þekking barnanna á tilfinningaorðum jókst eftir vinnu með tilfinningaþemað.



## Niðurstöður og áhrif verkefnisins á skólastarfið

Í leikskólunum þremur hefur byggst upp mikil þekking og reynsla á vinnu með fjölskyldum af erlendum uppruna sem kennarar hafa nýtt sér í vinnu með efnið. Almennt má segja að skilningur og þekking á sérþörfum barna sem læra íslensku sem annað mál og þörfum fjölskyldna af erlendum uppruna hafi aukist og að vinna með orðaforða sé markvissari nú en áður. Tvítyngd börn fá nú meiri einstaklingsmiðun í sínu námi þar sem leitast er við að mæta hverjum og einum einstaklingi þar sem hann er staddur. Verkefnið mun halda áfram næsta vetur í öllum skólunum og verða áfram í þróun. Innleiðing á nýjum kennsluháttum tekur tíma og áframhaldandi vinna mun gefa tækifæri til að útfæra vinnuna enn betur og þróa nýjar leiðir til að vinna með efnið.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Þróunarverkefnið verður kynnt á ráðstefnum, í menntabúðum og annars staðar þar sem tilefni hefur gefist til en einnig hafa verkefnastjórar úr leikskólunum boðið skólalópum velkomna í skólann og farið í aðra skóla til að kynna verkefnið. Á vefsíðu Orðaleiks er námsefnið, gagnabankinn og allar upplýsingar um þróunarverkefnið aðgengilegt fyrir áhugasama.



20. júní 2020

Anna Lilja Sævarsdóttir, leikskólastjóri Iðavallar

Rannveig Oddsdóttir, verkefnastjóri

Íris Hrönn Kristinsdóttir, MSHA

Anna Sævarsd

Rannveig Oddsdóttir